

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur.

Hinn 12. janúar 1976 hefur skipulagsstjórn ríkisins staðfest þá breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur að í stað þess að ætla landspildu þá, sem liggur milli Miklubrautar og gróðrarstöðva við Suðurlandsbraut, vestan Skeiðavogs undir útivistarsvæði, skuli þar framvegis gert ráð fyrir iðnaði, vörugeymslum og þjónustustarfsemi.

*Félagsmálaráðuneytið, 19. janúar 1976.*

**F. h. r.**  
**Hallgrímur Dalberg.**

*Guðmundur Karl Jónsson.*

Nr. 14.

20. janúar 1976.

## REGLUGERÐ

### um greiðslu atvinnuleysisbóta í fæðingarorlofi.

#### 1. gr.

Rétt til bóta samkvæmt reglugerð þessari eiga þær konur, sem forfallast hafa frá vinnu vegna barnsburðar og fullnægja skilyrðum þeim, sem hér fara á eftir:

- a. Eru fullra 16 ára og eru fullgildir félagsmenn í verkalýðsfélögum.
- b. Sanna með vottorði launagreiðanda, að þær hafi á síðustu 12 mánuðum fyrir barnsburðinn stundað vinnu, sem tryggingaskyld er samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar í að minnsta kosti 1032 dagvinnustundir eða 516 dagvinnustundir, sé um reglubundna hálfsdagsvinnu að ræða, enda hafi vinnan verið greidd samkvæmt kjarasamningi eða taxa verkalýðsfélags. A. m. k. þriðjungur þeirra dagvinnustunda, sem að framan greinir, skal hafa verið unnin eftir að kona varð fullra 16 ára.

Konur, sem fullnægt hafa framangreindum skilyrðum, halda rétti sínum til fæðingarorlofs, þótt þær hafi fyrir fæðingu barns stundað allt að 24 mánuðum vinnu hjá launagreiðanda, sem ekki er iðgjaldsskyldur til atvinnuleysistrygginga. Réttur glatast heldur ekki, þótt þær hafi fyrir fæðingu verið veikar um allt að tveggja ára skeið, enda séu veikindin sönnuð með læknisvottorði.

Kona, sem áður hefur fullnægt skilyrðum til þess að fá atvinnuleysisbætur og lokið bótatímabili sínu, telst fullnægja skilyrðum til fæðingarorlofsgreiðslu, þótt vinnustundafjöldi hennar á síðustu 12 mánuðum, sem að framan getur, sé ekki fullnægt, enda hafi ekki tekist að útvega henni vinnu og hún fullnægt skilyrði um daglega skráningu hjá vinnumiðlun. Þegar reiknaður er tími til réttinda samkvæmt framansögðu, telst ekki með sá tími, sem verkfall eða verkþann hefur hvílt á starfsgrein þeirri, sem stéttarfélag umsækjanda tekur til, nema sannað sé, að konan hafi verið orðin þunguð, þegar það verkfall eða verkþann hófst.

- c. Leggja fram vottorð ljósmóður eða lækni um fæðingu barns.

#### 2. gr.

Þær konur, sem telja sig eiga rétt til fæðingarorlofs samkvæmt reglugerð þessari, skulu snúa sér til nefndar þeirrar, sem annast úthlutun atvinnuleysisbóta fyrir stétt-

arfélag þeirra, og afhenda henni gögn þau, sem um ræðir í 1. gr. og jafnframt umsókn um fæðingarorlof í því formi, sem nefndin leggur til. Nefndin fellir síðan úrskurð um umsóknina með sama hætti og umsóknir um atvinnuleysisbætur, eftir því, sem við á.

### 3. gr.

Nú greiðir launagreiðandi konu óskert laun í barnsfararfríi, og skal þá aðeins greiða samkvæmt þessari reglugerð þann tíma, sem sú launagreiðsla nemur skemmri tíma en 90 bótadögum. Bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar hafa ekki áhrif á greiðslur samkvæmt reglugerð þessari.

### 4. gr.

Upphæð greiðslu í fæðingarorlofi skal miðast við laun fyrir 8 klst. dagvinnu, eins og þau eru á hverjum tíma, samkv. næst lægsta taxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík og skulu vera sem hér segir:

- a. Til giftrar konu eða sambúðarkonu, sem er aðalfyrirvinna heimilis 80% af áður greindum launum.
- b. Til annarra kvenna á sama hátt 70% af launum.
- c. Konum skv. a-lið svo og konum skv. b-lið, annarra en giftra kvenna og sambúðarkvenna, skal auk þessa greiða 6.5% af áður greindum launum vegna hvers barns, sem þær framfæra á heimili sínu og þeirra barna utan heimilis, sem þær sannanlega greiða meðlag með, þó ekki fleiri en þremur alls.

Sé bótaréttur samkvæmt reglugerð þessari byggður á hálfsdagsvinnu, greiðist hálf fæðingarorlof. Hafi kona áður að jafnaði stundað heilsdagsvinnu, skal þó greiða fullar bætur, ef hún sannar með læknisvottorði, að henni hafi vegna meðgöngunnar verið talið ráðlegt að vinna aðeins hálfsdagsvinnu allt að tveim mánuðum fyrir fæðingu, enda hafi hún, er hálfsdagsvinna þessi hefst, þegar unnið sér rétt til fullrar greiðslu.

### 5. gr.

Fæðingarorlofsfé skal að jafnaði greitt með þrem jöfnum greiðslum eftir á. Fyrsta greiðslan má fara fram, þegar eftir er til fæðingar allt að þriðjungi orlofsréttartímabilsins, enda hafi konan lagt niður vinnu og sannað væntanlegan fæðingartíma með vottorði lækni eða ljósmóður.

### 6. gr.

Þegar atvinnuleysisbótanefnd hefur borist umsókn um fæðingarorlof ásamt tilskyldum gögnum, skal hún kveða upp úrskurð um rétt umsækjanda. Nefndin skal gera skrá um þá umsækjendur, sem hún úrskurðar bætur og afhenda hana Tryggingastofnun ríkisins eða umboðsmönnum hennar ásamt öllum fylgiskjölum. Fallist Tryggingastofnunin eða umboðsmenn hennar á úrskurðinn, afhenda þeir atvinnuleysisbótanefnd fé til greiðslu bóttanna. Að lokinni greiðslu skal nefndin afhenda þessum aðilum eintak af bótaskránni með kvittun umsækjanda fyrir móttöku greiðslunnar.

### 7. gr.

Verði ágreiningur í úthlutunarnefnd um úrskurð, skal gerð grein fyrir því á skránni eða sérstöku fylgiskjali, í hverju hann sé fólgin. Nefndin í heild eða einstakir nefndarmenn geta ávallt vísað ágreinings- eða vafaatriðum til úrskurðar stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, sem fellir úrskurð um málið. Sama rétt á umsækjandi um fæðingarorlof, sem ekki vill sætta sig við úrskurð úthlutunarnefndar eða eftir atvikum Tryggingastofnunarinnar eða umboðsmanna hennar um málið.

## 8. gr.

Umsóknir um greiðslu fæðingarorlofs skulu ritaðar á eyðublöð, sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið leggur til. Skulu eyðublöð þessi vera fyrir hendi hjá ráðuneytinu, Tryggingastofnun ríkisins og umboðsmönnum hennar, svo og hjá öllum úthlutunarnefndum atvinnuleysisbóta.

## 9. gr.

Nú hefur kona störf að nýju áður en lokið er því tímabili sem hún á rétt til greiðslu orlofsfjár samkvæmt reglugerð þessari, og stýttist þá 90 bótadaga orlofs-tíminn sem nemur þeim tíma, er hún vinnur, þó ekki meira en 5 daga fyrir hverja vinnuviku. Ekki skerðist réttur hennar til greiðslu skv. 4. gr. reglugerðar nr. 105/1974 um kauptryggingu verkafólks í fiskvinnu, þar sem það á við. Ekki getur kona notið samtímis fæðingarorlofsgreiðslu og almennra atvinnuleysisbóta.

## 10. gr.

Ekki má gera fjárnám eða lögtak í bótafé samkvæmt reglugerð þessari né halda því til greiðslu opinberra gjalda.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 56 27. maí 1975, staðfestist hér með til að öðlast gildi hinn 1. janúar 1976.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. janúar 1976.*

**Matthías Bjarnason.**

Páll Sigurðsson.

## G J A L D S K R Á

fyrir Hitaveitu Reykjavíkur.

### I. KAFLI

#### 1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

#### 2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi Hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur.

### II. KAFLI

#### 3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 39.36 fyrir hvern rúmmetra vatns, eða samkvæmt magnhemli kr. 862.00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði. Þar til vatnsmælir eða hemill hefur verið settur upp og ef vatnsmælir eða hemill bilar, áætlar Hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.